

síldartorfu, og kann sér ekki hóf; veiðin svo mikil og tækifærin svo mörg. Gróðabraskið hefir á sér einhvern æfintýrablæ, sem heillar menn og hvetur til stórræða á því sviði. Menn komast í “spenning”, þegar þeir hugsa um miljónirnar, sem framtakssamir menn hafa rakað hér saman á fáum árum. Okur og rangsleitni veldur minni geðshræringar á meðan sá hópur er hverfandi, sem býr við neyðarkjör.

Þetta er sannleikurinn um dollarsdýrkun Ameríkumanna. Að hún beri vott um dýrslega sjálfselsku, ramspilta, hugsjónablinda og hjartalausar, það nær engri átt. Eða hvaðan komu þá ágætismennirnir, sem þetta land hefir eignast? Uxu þeir eins og vínber á þyrnum eða fíkjur á þistlum? Eða sjálfstæðishugurinn? Þetta land á merkilega frelsissögu. Hér hafa menn oftast en einu sinni tekið upp vopn, ekki til að verja eigið frelsi sitt, heldur af því þeir trúðu því, að þeir gæti með þeim hætti hjálpað öðrum til frelsis. Hugsjónalaus er engin þjóð, sem það gerir.

Þjóðlífið hér í Bandaríkjunum og Canada er því að mínu áliti full-samboðið hverjum þeim flokki manna, sem hingað flytur. Vér Íslendingar þar engin undantekning. Þjóðernis-gorgeir og einræningsskapur spáir engu góðu, hvorki sjálfum oss né landi þessu.

Þá er ekki betra hófleysið, sem stefnir í hina áttina. Í þeim jaðrinum eru mennirnir, sem vilja niðurskurð. Auðvitað nota þeir ekki svo stórt orð, en alt skilst; og allir þekkja kenninguna. Vér eigum,

segja þeir, að gjörast heimamenn á herragarði þessum hinum vestræna, en ekki leigja hér eitthvert halakot eða bauka við húsmensku. Þetta er texti þeirrar kenningar, og ekkert út á hann að setja. En svo kemur “útlæggingin”: “Til þess að komast í vistina og standast þar vora “pligt”, þá þurfum vér að leggja frá oss íslenzku föggurnar utan við túngarðinn. Helzt að kveikja í þeim þar. Sá farangur verður ekki nema til þyngsla hér á slóðum, og til athlægis. Einhvern tíma kemur að því hvort sem er, að vér missum hann, og hví þá ekki að losast við hann þegar í stað? — Svo hljóðar sá póstur.

Kenning þessi er í fyrstu komin frá innfæddum, enskumælandi mönnum, er þykir sinn fugl fagur, eins og eðlilegt er. Þeim hættir til að líta niður á alla aðkomumenn, telja þá síðri sjálfum sér, setja allar aðfluttar þjóðerniseinkunnir — nema engil-saxneskar — í sama númerið, eins og þjóðlífinu sé hætta búin af öllu slíku. Allir tala nú á dögum um *americanization*, en undir því skrafi býr hjá innlendum vanalega þetta: Það þarf að gjöra miskunnarverk á aumingja útlendingunum, og varúðarverk um leið; sótthreinsa þá, verka af þeim alt þetta útlenda þjóðernis-gróm, til þess að ekki standi af þeim sýkingar-háski hér í landinu. Og þeim velgjörning eiga svo auðvitað allir útlendingar að taka með þökkum.

Hér er auðvitað um nauðsynjaverk að ræða, ef vel og sanngjarnlega er unnið. Það horfir ekki til